

Eyðublað vegna tillögu Sveitarfélagsins Skagafjarðar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2021/2022	
Sveitarfélag:	Sveitarfélagið Skagafjörður
Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag:	Tillaga varðar Sauðárkrók og Hofsós sem tilheyra Sveitarfélaginu Skagafirði.
Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:	17. janúar 2022. Fundargerð atvinnu-, menningar- og kynningarnefndar fylgir.
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	Á ekki við
Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	Á ekki við
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	Nýtt ákvæði 4. greinar reglugerðarinnar verður (nýr másl. bætist við 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar) svohljóðandi: "Hámarksúthlutun fiskiskipa yfir 50 brúttótonnum af því aflamarki sem fallið hefur innan viðkomandi byggðarlags verður 14 þorskígildistonn á skip."
Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	Vilji er til þess að aflamark fari meira til minni útgerðanna og er þeim gífurlega mikilvægt. Í Sveitarfélaginu Skagafirði eru aðeins 2 skip yfir 50 BT og færur 28 tonn þangað. Rest færir til minni báta.
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	Tvær tillögur eru varðandi breytingu á 6. gr.: Í 6. grein reglugerðarinnar verði veitt undanþága frá löndun til vinnslu. Til vara að bátar undir 50 brúttótonnum fái undanþágu frá löndun til vinnslu. Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: "Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðarkvóta innan sveitarfélagsins. "
Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	Engin fiskvinnsla er á Hofsósi og hefur byggð þar barist í bökkum undanfarin ár. Fiskvinnsla FISK Seafood á Sauðárkróki er sú eina í sveitarfélaginu. FISK hefur verið leiðandi fyrirtæki í svokallaðri "ofurkælingu" og hefur sérhæft vinnslu sína til að taka á móti afla sem hefur verið meðhöndlaður með ofurkælingu. Vegna þessarar sérhæfingar sjá þeir ekki fært að taka á móti afla frá bátum sem ekki búa yfir þessari ofurkælingu. Betra er því að koma honum á markað með öðrum hætti. Fleiri en ein höfn er innan marka Sveitarfélagsins Skagafjarðar og mikilvægt er að geta landað innan sveitarfélagsins, óháð því á hvaða höfn Sveitarfélagsins er landað.